



**VERK- OG
STAFSNÁM**



BÓKNÁM

**AFREKS-
ÍDRÓTTASVIÐ**



HEIMAVIST

FÉLAGSLÍF



FJARNÁM

Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans á Ísafirði 2018-2019

24. september 2019

Matsteymi um innra mat tók saman

Matssamantekt	4
1. Inngangur	6
2. Hlutverk, markmið og stefna Menntaskólans á Ísafirði	7
2.1 Mat á skólafarfi	8
2.2 Matsteymi um innra mat skólaárið 2018-2019	9
3. Matsáætlun	10
3.1 Langtímaáætlun um innra mat:	10
3.2 Áætlun um innra mat skólaárið 2019-2020	11
3.3 Innra mat skólaárið 2018-2019.....	11
4. Niðurstöður úr matsverkefnum 2018-2019	12
4.1 Nýnemakönnun	12
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	12
Aðferð við gagnaöflun	12
Niðurstöður	12
Samantekin niðurstaða.....	17
Tillögur um umbætur	18
4.2 Foreldrakönnun	18
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	18
Aðferð við gagnaöflun	18
Niðurstöður	19
Samantekin niðurstaða.....	22
Tillögur um umbætur	22
4.3 Rýnihópar nemenda	23
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	23
Aðferð við gagnaöflun	23
Niðurstöður	23
Tillögur um umbætur	24
4.4 Kennslukönnun	25
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	25
Aðferð við gagnaöflun	25
Niðurstöður	25
Tillögur um umbætur	25
4.5 Stofnun ársins	26
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	26
Aðferð við gagnaöflun	26

Niðurstöður	26
Tillögur um umbætur	27
5. Töluleg gögn	28
5.1 Einkunnadreifing haustönn 2018 og vorönn 2019.....	28
5.2 Brottfall haustönn 2018 og vorönn 2019.....	29
6. Lokaorð	31
Heimildir.....	32

Nýnemakönnun

Matsspurning: Hvert er viðhorf nýnema til skólstarfsins?

Aðferð: Viðhorfakönnun lögð fyrir alla nýnema.

Helstu niðurstöður: Nýnemum í MÍ líður flestum vel, þeir eyða ekki of miklum tíma í heimanám að eigin mati og margir þeirra eru í skipulögðum tómstundum utan skóla. Áhyggjuefni er lítill svefn nýnema og mikil símanotkun.

Tillögur að umbótum: Huga þarf vel að þáttum eins og nýnemaferð og kynningu á mótuneyti. Huga þarf að mikilli síma- og tölvunotkun nemenda.

Foreldrakönnun

Matsspurning: Hvert er viðhorf foreldra til ýmissra atriða í skólanum?

Aðferð: Viðhorfakönnun lögð fyrir foreldra.

Helstu niðurstöður: Meirihluti foreldra er ánægður með skólagöngu barna sinna í MÍ.

Tillögur að umbótum: Huga þarf að rafsígarettunotkun nemenda.

Rýnihópar nemenda

Matsspurning: Hver er viðhorfa nemenda til ýmissa þátta í skólstarfinu?

Aðferð: Rýnihópaviðtöl.

Helstu niðurstöður: Nemendur velja vinnuálag passlegt og heimanám hæfilegt. Skipulag námsins í heildina er gott en huga þarf að skipulagi áfanga á Moodle hjá sumum kennurum. Nemendur telja síma ekki trufla en þeir séu gott vinnutæki. Flestum nemendum líður vel en huga þarf að þeim nemendum sem ekki líður vel og fordómum meðal nemenda.

Tillögur að umbótum: Leggja þarf áherslu á að kennarar samræmi skipulag sitt á Moodle. Skoða þarf betur tölvunotkun nemenda í tímum. Einnig þarf að kanna betur símanotkun í kennslustundum og samræma viðbrögð kennara í kennslustofum. Ábendingar nemenda um líðan samnema og vísbendingar um fordóma og vanlíðan þarf að taka til nánari skoðunar.

Kennslukönnun

Matsspurning: Hvað gengur vel í kennslu hjá kennurum og hvað þarf að gera betur?

Aðferð: Rafræn könnun.

Helstu niðurstöður: Matsteymið vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur bárust þau beint til kennara auk þess sem stjórnendur fengu aðgang að þessum gögnum.

Tillögur að umbótum: Almennt var mikill meirihluti nemenda ánægður með kennara og kennslu. Ábendingar um umbætur eru mjög einstaklingsbundnar og hver kennari þarf að vinna úr þeim.

Stofnun ársins

Matsspurning: Hvernig er starfsandi og starfsumhverfi MÍ?

Aðferð: Rafræn könnun á vegum Gallup.

Helstu niðurstöður: Ánægja er innan MÍ með hlutfall kynja í ábyrgðarstöðum og möguleika beggja kynja til starfsframa sem og jafnræðis almennt auk þess sem starfsfólk telur sig hafa áhrif á hvernig starf þess er unnið og kemur vel saman við annað starfsfólk. Óánægja er með launakjör, loftgæði og frítöku á tímum sem hentar starfsfólki.

Tillögur að umbótum: Þrjár af fimm lægstu einkunnum stofnunar snúast um launakjör; einhverjum starfsmönnum finnst að laun starfsfólks stofnunarinnar séu ekki ákveðin af sanngirni. Skólastjórnin ætti að skoða þetta nánar. Loftræstingarkerfið í MÍ þarf að endurnýja.

Tölulegar upplýsingar - brottfall

Matsspurning: Hver er brottfallsprósentan 2018-2019?

Aðferð: Upplýsingar unnar upp úr INNU.

Helstu niðurstöður: Brotthvarfsprósentan á haustönn 2018 var 7,3% og á vorönn 2019 10,9%

Tillögur að umbótum: Ef viðmið um brottfall undir 5% sem sett eru fram sem eitt af markmiðum skólans í stefnuskjali ríkisaðila (stefnumiðuð áætlun) til þriggja ára sbr. 31. gr laga um opinber fjámál nr. 123/2015 þarf að leggja fram tillögur til að lækka brottfall við skólann.

1. INNGANGUR

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjakerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, lðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs.


Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 að samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs.

Menntaskólinn á Ísafirði er nú fjölbrautaskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á lista- og nýsköpunarbraut, starfs- og verknám (grunnám málm- og véltæknigreina, grunnám hár- og snyrtigreina, húsasmíði, sjúkraliðanám, skipstjórnarnám A og B stig, stálsmíði og vélstjónarnám A og B stig) og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur er starfrækt við skólann. Nemendur við skólann eru í þrenns konar námi. Í fyrsta lagi í dagskólanámi, í öðru lagi í dreifnámi og í þriðja lagi í fjarnámi.


	Haustönn 2018	Vorönn 2019
Nemendur – alls	417	409
Kennarar	28	30
Brottfall	7,3%	10,9%
Brautskráðir	25	42

Tafla 1. Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Ísafirði

Á myndum 1-3 má sjá grunnupplýsingar um fjölda nemenda, brottfall og kennara þrjú skólaár aftur í tímann eða frá 2016-2019.



Mynd 1. Nemendafjöldi í Menntaskólanum á Ísafirði frá hausti 2016 til vors 2019.



Mynd 2. Fjöldi kennara við Menntaskólann á Ísafirði frá hausti 2016 til vors 2019.



Mynd 3. Fjöldi kennara við Menntaskólann á Ísafirði frá hausti 2016 til vors 2019.

2. HLUTVERK, MARKMIÐ OG STEFNA MENNTASKÓLANS Á ÍSAFIRÐI

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautarskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt þeim lögum er hlutverk framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar.

Menntaskólinn á Ísafirði leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklings og samfélagsins. Skólinn á í samstarfi við Fjarmentaskólann til að auka fjölbreytni náms sem og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Markmið skólans og áhersluatriði hafa verið sett fram í stefnuskjali ríkisaðila (stefnumiðuð áætlun) til þriggja ára sbr. 31. gr laga um opinber fjámál nr. 123/2015:

- **Markmið 1:**

Vinna gegn brotthvarfi nemenda úr dagskóla, fjarnámi og dreifnámi. Markmiðið tengist markmiði málaflokks að fleiri nemendur ljúki námi á tilsettum tíma.

Mælikvarðar:

- Hlutfall nýnema sem innritast á 2. ár strax að loknu 1. ári verði 95% árið 2019 og 98% árið 2021.
- Brotthvarf fari ekki yfir 5% á önn.
- Minnkað brotthvarf í fjar- og dreifnámi.

- **Markmið 2:**

Að þróa áfram og efla fjölbreytt námsframboð við skólann. Áhersla verður á þróun nýjunga í kennslu og sérstaklega hugað að því að efla verk-, starfs- og listnámsbrautir. Einnig verður áfram unnið að því að efla fjarnám og dreifnám en þar eru mikil tækifæri fyrir skólann.

Mælikvarðar:

- Að skólaárin 2019-2021 verði sama námsframboð eða meira við skólann þrátt fyrir sveiflur í nemendafjölda og styttingu náms til stúdentsprófs.
- Hlutfall nemenda á verk-, starfs- og listnámsbrautum hækki. Nemendum í fjar- og dreifnámi fjölgi.
- Aðstaða til náms á lista- og nýsköpunarbraut uppfylli þarfir nemenda og kennara.

- **Markmið 3:**

Allar kenndar verk-, starfs- og listnámsbrautir ásamt starfsbrautum fyrir fatlaða nemendur, séu staðfestar samkvæmt aðalnámskrá.

Mælikvarðar:

- Fjöldi brauta sem kenndar eru og hafa verið staðfestar.

2.1 MAT Á SKÓLASTARFI

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 kveða á um skyldur framhaldsskóla til að vinna að innra mati og birta hagsmunaaðilum niðurstöður mats. Innra mat Menntaskólans á Ísafirði fer fram í samræmi við stefnu skólans um innra mat, stefnuskjal *STE-0023 Stefna um innra mat og útgefna áætlun um innra mat*. Samhliða innleiðingu á gæðakerfi við skólann hefur verið unnið

að gátlistum, leiðbeiningum, stefnuskjölum, verklags- og vinnulýsingum sem tengjast innra mati.

Innan skólans hefur undanfarinn áratug verið unnið að þróun sjálfsmatsaðferða hjá skólanum. Í matsteymi um innra mat eiga sæti áfangastjóri sem veitir teyminu forystu og ber ábyrgð á framkvæmd innra mats. Auk áfangastjóra sitja þrír starfsmenn í matsteymi um innra mat. Skólameistari tilnefnir hæfa aðila í matsteymi í samráði við aðra stjórnendur og semur við þá um þátttöku í matsteymi. Hafi starfsmaður áhuga á þátttöku í matsteymi og telur sig hæfan til þess getur hann gert skólameistara grein fyrir hæfni sinni og áhuga og óskað eftir tilnefningu í matsteymi. Aðilar í matsteymi deila með sér ábyrgð á matsverkefnum og skal hver aðili í teyminu hafa hæfni til að leiða framkvæmd matsverkefnis.

Mat á skólastarfi er skipt í ytra og innra mat. Ytra matið er framkvæmt af utanaðkomandi aðila og er yfirvöldum til upplýsingar um skólastarfið og hvernig þeim fjárheimildum er hagað sem skólinn fær. Ytra mat er á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis og fór síðast fram vorið 2015 og niðurstöður ytra matsins barst skólanum í október 2015. Í framhaldinu vann skólinn umbótaskýrslu byggða á ytra matinu. Unnið var að umbótum í kjölfarið. Stefnt er að ytra mati á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2020.

Sjálfsmat skólans sem er formlegt innra mat er ætlað að vinna skólanum gagn og í því felst eftirlit með öllum þáttum skólastarfsins. Samkvæmt 41. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum framhaldsskóla að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laganna. Í 40. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að markmið mats með gæðum framhaldsskóla sé að:

- *veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- *tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,*
- *auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- *tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

2.2 MATSTEYMI UM INNRA MAT SKÓLAÁRIÐ 2018-2019

Í matsteymi um innra mat skólaárið 2018-2019 sátu:

Andrea Sigrún Harðardóttir kennari

Guðjón Torfi Sigurðsson kennari

Stefan Gunther kennari

Heiðrún Tryggvadóttir áfangastjóri sem jafnframt leiðir teymið

3. MATSÁÆTLUN

Samkvæmt vinnulýsingu um innra mat í Menntaskólanum á Ísafirði, VIN-0011 *Innra mat – vinnulýsing*, gerir matsteymi um innra mat áætlun um matið. Annars vegar er gerð langtímaáætlun til fjögurra ára og hins vegar ítarlegri áætlun fyrir komandi starfsár. Matsteymið skrifar skýrslu um innra matið og kynnir helstu niðurstöður og tillögur að umbórtum fyrir stjórnendum á rýni stjórnenda þar sem stjórnendur taka svo ákvarðanir um umbætur. Skólameistari sendir síðan skýrsluna til mennta- og menningarmálaráðuneytis auk þess sem hún er birt á heimasíðu skólans, www.misa.is

3.1 LANGTÍMAÁÆTLUN UM INNRA MAT:

Viðfangsefni	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Kennsla og námsframboð:				
Kennslukannanir/áfangakannanir	x	x	x	x
Mæting	x	x	x	x
Námsmat	x	x	x	x
Lykilárangur:				
Brotthvarf	x	x	x	x
Líðan nemenda (Rannsókn og greining)		x		x
Stjórnun og skipulag:				
Stjórnunar- og þjónustukönnun	x		x	
Stofnun ársins	x	x	x	x
Skólabragur:				
Foreldrakönnun		x		x
Nemendaping	x		x	
Nýnemakönnun	x	x	x	x
Rýnihópar nemenda		x		x
Húsnæði, búnaður og þjónusta við nemendur				
Þjónustukönnun	x		x	

3.2 ÁÆTLUN UM INNRA MAT SKÓLAÁRIÐ 2019-2020

Haustönn 2019

Viðfangsefni mats	Tímabil	Ábyrgð
Kennslukannanir/áfangakannanir	1.-10. desember	Guðjón Torfi Sigurðsson
Mæting	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Námsmat	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Brotthvarf	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Stjórnunar- og þjónustukönnun	Október	Stefan Gunther
Nemendaping	Nóvember	Heiðrún Tryggvadóttir
Nýnemakönnun	Byrjun desember	Andrea S. Harðardóttir

Vorönn 2020

Viðfangsefni mats	Tímabil	Ábyrgð
Kennslukannanir/áfangakannanir	1.-10. maí	Guðjón Torfi Sigurðsson
Mæting	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Námsmat	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Brottfall	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Stofnun ársins	Maí	Stefan Gunther

3.3 INNRA MAT SKÓLAÁRIÐ 2018-2019

Innra mat fór fram við skólann skólaárið 2018-2019 í samræmi við framhaldsskólalög og var unnið af matsteymi um innra mat. Teymið undirbjó starf vetrarins og gerði áætlun um innra mat fyrir skólaárið 2018-2019.

Skólaárið 2018-2019 vann matsteymi um innra mat að eftirfarandi matsverkefnum:

Haustönn 2018

Viðfangsefni mats	Tímabil	Ábyrgð
Námsmat	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Brottfall	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Nýnemakönnun	Byrjun desember	Heiðrún Tryggvadóttir

Vorönn 2019

Viðfangsefni mats	Tímabil	Ábyrgð
Námsmat	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Brottfall	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Foreldrakönnun	Febrúar	Stefan Gunther
Rýnihópar nemenda	Mars – maí	Andrea S. Harðardóttir
Stofnun ársins – niðurstöður	Mars – maí	Stefan Gunther
Kennslukannanir/áfangakannanir	1.-10. maí	Guðjón Torfi Sigurðsson

4. NIÐURSTÖÐUR ÚR MATSVERKEFNUM 2018-2019

Hér koma niðurstöður úr þeim matsverkefnum sem unnin voru skólaárið 2018-2019.

4.1 NÝNEMAKÖNNUN

VIÐMIÐ / VÆNTINGAR UM NIÐURSTÖÐU

Matsteymi um innra mat vildi kanna hvernig nýnemum líður á fyrstu önn sinni í skólanum. Niðurstöðurnar úr þessari könnun áttu að fá fram hvað gengi vel og hvað illa hjá nýnemum í skólanum.

AÐFERÐ VIÐ GAGNAÖFLUN

Á haustönn 2018 var send út viðhorfakönnun á nýnema sem hófu nám við MÍ haustið 2018. Ástæðan fyrir því að þessi aðferð varð fyrir valinu var sú að mikilvægt var að ná til sem flestra nýnema til að fá fram viðhorf þeirra.

Nýnemakönnunin samanstóð af 26 spurningum. 5 spurningar voru opnar en hinar 21 voru með fyrirframgefnum svarmöguleikum. Spurningarnar voru um námið og þjónustu innan skólans sem og um líðan og félagslega þætti utan skólans s.s. svefnvenjur, tómsundur, vinnu, tölvu- og símanotkun.

NIÐURSTÖÐUR

Alls hófu 66 nýnema nám við MÍ á haustönn 2018. Allir nemendur voru beðnir um að svara könnuninni sem finna mátti inn á Moodle-síðu áfangans NÁSS1NN03 (náms- og starfsfræðsla) en þann áfanga taka allir nýnema við skólann. 56 nemendur svöruðu könnuninni sem er 84,8% svarhlutfall.


55,4% svarenda voru stelpur 42,9% voru strákar og (1,7% annað kyn.

Nýnemadagurinn

85,7% svarenda fannst móttökurnar á nýnemadeginum mjög góðar (50%) eða góðar (35,7%).

1. Hvernig fannst þér móttökurnar á nýnemadeginum 15. ágúst s.l.?

56 svör




Nýnemaballið

71,4% fannst nýnemaballið mjög gott (33,9%) eða gott (37,5%).

3. Hvernig fannst þér nýnemaballið?

56 svör




Nýnemaferðin

73,2% fannst nýnemaferðin mjög góð (25%) eða góð (48,2%).

4. Hvernig fannst þér nýnemaferðin?

56 svör




Vísindadagar

77,6% fannst Vísindadagarnir mjög góðir (26,8%) eða góðir (51,8%).

6. Hvernig fannst þér Vísindadagarnir?

56 svör




Lýðheilsudagurinn

76,7% þátttakenda fannst Lýðheilsudagurinn mjög góður (32,1%) eða góður (44,6%).

8. Hvernig fannst þér lýðheilsudagurinn?

56 svör




Vinnuálag í skólanum

64,3% þátttakenda finnst vinnuálagið í skólanum mátulegt.

10. Hvernig finnst þér vinnuálagið í skólanum?

56 svör




Heimanám

Bara 1,8% þátttakenda (sem er bara einn nemandi af 56 þátttakendum í könnunni) ver að meðaltali fleiri en 6 tíma á viku í heimanám. Það þýðir að næstum því allir nýnemar eyða ekki of miklum tíma í heimanám.

11. Hvað verð þú mörgum klukkustundum á viku að meðaltali í heimanám?

56 svör




Vinna með skóla

23,2% þátttakenda í þessari könnun vinnur fleiri en 5 klukkustundir á viku með skólanum. Það þýðir að u.þ.b. fjórðungur nemenda vinnur frekar mikið.

12. Vinnur þú með skólanum?

56 svör




Þátttaka í tómstundastarfi (íþróttir, listnám, björgunarsveit ...)

75% þátttakenda er í íþróttum/listnámi/björgunarsveit ... utan skóla.

13. Stundar þú íþróttir/ert í listnámi/björgunarsveit ...?

56 svör




Tölvu- og símanotkun

14,3% þátttakenda er færri en 4 klukkustundir á hverjum degi í tölvu/síma. Það þýðir að stóri meirihluti nemenda eyðir of miklum tíma í tölvu eða síma.

15. Hvað ert þú mikið í tölvu/síma á hverjum degi?

56 svör




Svefn

69,6% þátttakenda sefur að meðaltali færri en 8 klukkustundir á nóttunni. Líklegast tengist það of mikilli tölvu- og símanotkun sem var spurt um í síðustu spurningu hér rétt á undan.


16. Hvað sefur þú að meðaltali margar klukkustundir á nóttunni?

56 svör



Mötuneyti MÍ

39,3% þátttakenda borðar alla daga í mötuneytinu. Hér gætum við farið í áttak að fleiri nýnemar nota mötuneytið til að næra sig vel á skólatíma af því að þá er líklegra að þeir fara líka á öðru og þriðja ári í mötuneyti í mat.



Líðan í skólanum

Spurning 78,5% líður mjög vel (44,6%) eða vel (33,9%) í skólanum.



SAMANTEKIN NIÐURSTAÐA

Á haustönn 2018 leið fjórum af fimm nýnemum (78,5%) vel eða mjög vel í MÍ. Langflest svör í opnu spurningunum voru líka jákvæðar varðandi skólagöngu og námið við skólann. Eina atriðið sem nokkrir nemendur bentu á var nýnemaferðin þar sem að þeirra mati þyrfti að vera meira að gera og eitthvað skemmtilegra.

Tölfræðilega séð er útkoman þessarar könnunar góð en því má ekki gleyma að við hverja spurningu er samt alltaf ákveðinn hluti nýnema sem er ekki ánægður varðandi þetta atriði sem þýðir að við þurfum að reyna að gera betur til að þjóna enn fleiri nemendum vel.

Ánægjulegt er hversu margir nemendur eru í skipulögðum tómstundum utan skóla; áhyggjuefni er hinsvegar hversu mikinn tíma margir nýnemar eyða í síma eða tölvu á hverjum degi og sofa of lítið.

TILLÖGUR UM UMBÆTUR

Í nýnemaferð þarf að vera fjölbreyttari dagskrá. Kennararnir sem fara sem farastjórar í þessa ferð þurfa að hugsa vel um skipulagningu hennar.

Allir kennarar sem eru með nýnema hjá sér í kennslu þurfa að hafa ákveðinn dag í hverri viku þar sem talað er annaðhvort í síma eða beint við nemendur sem standa sig ekki vel í námi eða eru í einhverjum erfiðleikum.

Hluti af kennslu í völdum fögum þyrfti að fjalla um heilbrigða síma- og tölvunotkun.

Hvetja mætti fleiri nemendur til að nýta sér mötuneytið.

4.2 FORELDRAKÖNNUN

VIÐMIÐ / VÆNTINGAR UM NIÐURSTÖÐU

Foreldrar og skólinn þurfa að vinna saman varðandi skólagöngu barna og unglinga. Þess vegna þurfa að vera ekki bara tengsl á milli þeirra heldur samstarf. Einnig sjá foreldrar nám barna sinna frá öðru sjónarhorni en starfsfólkið skóla. Foreldrakönnunin átti að fá fram viðhorf foreldra til ýmissa þátta í skólanum og utan hans. Þessi foreldrakönnun gefur matsteyminu og öðrum aðilum í skólanum tækifæri að bera svörin úr henni saman við svörin úr nemendakönnun; nokkrar spurningar í þessum tveimur könnunum fjalla um það sama eða svipað viðfangsefni.

AÐFERÐ VIÐ GAGNAÖFLUN

Á vorönn 2019 var foreldrakönnun send á aðstandendalista dagskólanemenda sem voru 237 netföng (aðeins einu sinni var sent á hvert netfang þ.a. ef báðir foreldrar voru með sama netfangið fór það bara einu sinni og ef það voru systkini fór það bara einu sinni á foreldri). 75 svör við þessa könnun voru send inn sem er 31,6% svarhlutfall. Ekki er vitað fyrir hversu marga nemendur þessari könnun var svarað af því að í mörgum tilfellum er skráð netfang beggja foreldra, og í þessum tilfellum gætu báðir foreldrar sent inn svar fyrir barnið sitt.

Af þeim sem svöruðu voru konur 65,3% og karlar 34,7%.

Foreldrakönnunin samanstóð af 32 spurningum í fjórum liðum: Líðan nemenda og hegðun (14 spurningar), Samskipti við foreldra og þjónusta (6 spurningar), Upplýsingagjöf til foreldra (6 spurningar) og Þátttaka foreldra, forvarnir og félagslíf (6 spurningar). Í lok hvers liðs var opin spurning („Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri í tengslum við spurningarnar hér á


undan?“) og alveg í lokin var 1 opin spurning: „Hvaða væntingar gerðir þú til skólans þegar barnið þitt hóf þar nám og hvernig telur þú að skólinn hafi staðið undir þeim væntingum?“ Voru þessar opnu spurningar hafðar með til að gefa þátttakendum tækifæri á að koma með ábendingar eða útskýra ákveðin atriði betur.

Sú aðferð að senda út viðhorfakönnun var notuð aðallega af praktískum ástæðum. Á þennan hátt er auðvelt að ná til stórs hóps og fá svör til baka á stuttum tíma.

NIÐURSTÖÐUR


Barninu mínu líður vel í skólanum

76% þátttakenda var mjög sammála (50,7%) eða sammála (25,3%) að barninu líði vel í MÍ:




Barninu mínu gengur vel í skólanum

62,6% þátttakenda var mjög sammála (37,3%) eða sammála (25,3%) að barninu gengi vel í MÍ:



Skólinn heldur vel á málefnum sem tengjast nemendum

72% þátttakenda var mjög sammála (34,7%) eða sammála (37,3%) að skólinn heldur vel á málefnum sem tengjast nemendum MÍ:




Vinnuálagið í skólanum

69,3% foreldra telja að vinnuálagið í MÍ er hæfilegt.




Áhyggjur af líðan barns í skólanum

61,3% foreldra er ekki með áhyggjur af líðan barnsins í MÍ eða hefur þær ekki lengur.




Þjónusta skólans

86,6% þátttakenda voru mjög ánægð (53,3%) eða ánægð (33,3%) með þjónustu skólans eins og umsjón, námsráðgjöf, skrifstofu, bókasafn og mötuneyti MÍ:




Samskipti barns við kennara

76% þátttakenda voru mjög sammála (41,3%) eða sammála (34,7%) að samskipti barns við kennara væri góð:




Félagslíf skólans

66,7% þátttakenda voru mjög sammála (24%) eða sammála (42,7%) að félagslíf skólans væri vel heppnað í MÍ:



Neysla efna

84% þátttakenda telur að barnið neyti ekki sígarettur, rafsígarettur, munn- og neftóbak.



SAMANTEKIN NIÐURSTAÐA

Á vorönn 2019 var meirihluti foreldra ánægður með skólagöngu barna sinna við MÍ. Það kom ekki bara fram í prósentutölum við hverja spurningu heldur sérstaklega í opnu spurningunni í lok könnunar „Hvaða væntingar gerðir þú til skólans þegar barnið þitt hóf þar nám og hvernig telur þú að skólinn hafi staðið undir þeim væntingum?“ Þar skrifuðu 33 þátttakendur álit sitt og af þessum 33 svörum var 31 svar á jákvæðum nótum gagnvart skólanum. Í tveimur af 33 opnu svörum í lok könnunnar var bent á annars vegar að félagslíf skólans þyrfti að vera betra og hinsvegar að nemendur á starfsbraut ættu að fá fleiri einingar.

TILLÖGUR UM UMBÆTUR

Þessi könnun sýnir klárlega að MÍ þarf að fara í átak að minnka rafsígarettanotkun nemenda en skv. svörum foreldra nota tæp 10% nemenda skólans rafsígarettur. Það þarf að vera eftirlit í skólanum og miklu meiri og sýnilegri upplýsingar á mismunandi formi um skaðleg áhrif rafsígarettu.

VIÐMIÐ / VÆNTINGAR UM NIÐURSTÖÐU

Vorið 2019 voru settir saman rýnihópar nemenda þar sem markmiðið var að kanna viðhorf þeirra til ýmissa þátta tengdum skólastarfinu, m.a. vinnuálag, heimanám, skipulag námsins og uppsetningu á moodle, síma- og tölvunotkun í skólanum og líðan nemenda.

AÐFERÐ VIÐ GAGNAÖFLUN

Hóparnir sem rætt var við voru fjórir. Nemendur af fyrsta, öðru og þriðja ári í bóknámi og í fjórða hópnum voru verknámsnemendur, 18 ára og eldri.

Nemendur voru valdir með tilviljanakenndu úrtaki. Nöfnum úr hverjum árgangi var raðað upp í Exelskjal, forritið var látið raða nöfnum í hverjum hópi upp á tilviljanakenndan hátt og fyrstu 5 nöfnin í hverjum árgangi valin til þátttöku. Þar sem einungis einn nemandi á þriðja ári í bóknámi svaraði beiðni um þátttöku í könnuninni voru fjórir nemendur í hópi útskriftarnema í ákveðnum valáfanga beðnir um að svara spurningum sjálfsmatsnefndar. Engin svör fengust frá nemendum í verknámi við beiðni um þátttöku. Því var leitað til kennara í verknámi sem veitti leyfi fyrir því að spurningakönnunina yrði lögð fyrir hóp eldri nemenda í einum áfanga sem hann kennir.

Leitað var til foreldra nemenda á fyrsta og öðru ári um samþykkti fyrir þátttöku þeirra barns í könnuninni.

NIÐURSTÖÐUR

Vinnuálag í skólanum. Er það mikið, passlegt eða lítið?

Nemendur töldu vinnuálag í skólanum almennt passlegt, þó færi það eftir áföngum og vikum hversu mikið álagið væri. Nemendur á þriðja ári höfðu orð á að álagi ykist þegar liði á önnina og tveir nemendur í verknámi gerðu athugasemdir við vægi bókaþátta í verknámi, töldu þá hafa of mikið vægi og ástæða væri til að skoða það nánar.

Heimanám. Er það mikið, passlegt eða lítið?

Nemendur voru sammála um um að heimanám væri hæfilegt og fælist fyrst og fremst í því að ljúka verkefnum sem ekki hefði verið hægt að ljúka í kennslustundum. Nemendur á þriðja ári bendu á að dregið hefði úr álagspunktum á önnum og væri það af hinu góða.

Hvernig er almennt skipulag námsins í skólanum? Hvernig er uppsetning á Moodle hjá kennurum?

Skipulag skólans á námi er í heildina gott að mati nemenda. Hins vegar mættu einstaka kennarar taka sig á í skipulagi námsins og í uppsetningu og skipulagi áfanga á Moodle. Einstaka ábendingar komu um stillingar á Moodle sem beint var til skólastjórnenda og kennarafundar en þær varða áminningar vegna prófa og verkefnaskila.

Hvernig skilgreinir þú tölvu og/eða símanotkun þína í kennslustundum? (Mikil, passleg, lítil?)

Hóparnir höfðu mismunandi skoðanir á því hversu mikil símanotkun væri meðal nemenda. Í einum hópnum var rætt um að nemendur notuðu símann sem vinnutæki, t.d. fyrir myndatökur og myndbandagerð vegna verkefna en í öðrum hópi töldu viðmælendur símann lítið notaðan sem vinnutæki. Nokkrir bentu á að síminn væri notaður sem samskiptatækni í tengslum við hópverkefni utan skólatíma. Nefndu viðmælendur að kennarar væru misharðir við nemendur þegar kæmi að símanotkun í kennslustundum sem ekki tengdist náminu. Viðmælendur fullyrtu að almennt truflaði síminn nemendur ekki í námi.

Nemendur á þriðja ári ræddu mest um tölvunotkun í verkefnavinnu og töldu þeir tölvuna nýtast vel sem vinnutæki. Viðmælendur í öðrum hópum ræddu lítið um tölvunotkun og því fékkst ekki marktækt svar við notkun á henni í kennslustundum, hvorki sem vinnutæki né til afþreyingar.

Hvernig myndir þú lýsa líðan þinn í skólanum?

Allir hópar voru sammála um að almennt liði nemendum vel í skólanum og andinn í skólanum væri góður. Nemendur á fyrsta ári tóku fram að þeim liði betur í skólanum en þeir hefðu átt von á. Nemendur á öðru ári bentu á að undantekningar væru þó á fyrrgreindri fullyrðingu. Töldu þeir sig hafa orðið vara við fordóma gagnvart ákveðnum nemendum og þeir fundu fyrir vanlíðan nokkurra samnemenda. Viðmælendur í þessum hópi höfðu orð á því að félagslíf nemenda yrði að höfða til breiðari hóps og virkja þyrfti fleiri til þátttöku. Einnig kom fram að skólinn þyrfti að veita nemendum með slæma mætingu meira athygli og skoða betur hvað væri í gangi hjá þeim.

Hópur þriðja árs nema taldi að vanlíðan í skólanum tengdist álagi vegna verkefnaskila og tímahraki fremur en öðrum þáttum. Nemendur í verknámi ræddu um gott andrúmsloft í verknámshúsinu og að nýir nemendur væru boðnir velkomnir af þeim sem fyrir væru.

Allir hópar lögðu áherslu á að góð tengsl væru á milli nemenda og kennara og auðvelt væri að ná tali af áfangastjóra og námsráðgjafa þegar á þyrfti að halda.

TILLÖGUR UM UMBÆTUR

Leggja þarf áherslu á að kennarar samræmi skipulag sitt á Moodle. Skoða þarf betur tölvunotkun nemenda í tímum. Einnig þarf að kanna betur símanotkun í kennslustundum og samræma viðbrögð kennara í kennslustofum. Ábendingar nemenda um líðan samnema og vísbendingar um fordóma og vanlíðan þarf að taka til nánari skoðunar.

4.4 KENNSLUKÖNNUN

VIÐMIÐ / VÆNTINGAR UM NIÐURSTÖÐU

Allir nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi, áttu að svara þessari kennslukönnun á vorönn 2019. Markmið var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennarans. Niðurstöðurnar áttu að auka gæði kennslunnar við MÍ.

AÐFERÐ VIÐ GAGNAÖFLUN

Nemendurnir fóru inn í Moodle til að svara þessari nafnlausu könnun. Hún samanstóð af fjórum liðum: Fyrst valdi hver þátttakandi hvort hann er dagskóla- eða fjarnámsnemi, svo þurfti að svara þremur opnum spurningum eins og sést hér fyrir neðan.

Ertu í dagskóla eða fjarnámi? *

Dagskóla

Fjarnámi

Hvað líkar þér best í áfanganum og af hverju?

Langur svartexti

Hvað má bæta og af hverju?

Langur svartexti

Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Langur svartexti

Ákveðið var að nota þessa aðferð með opnum spurningum af því að sjálfsmatsnefndin MÍ hefur áður búið til könnun eins og í þessa og þá með spurningum þar sem velja þurfti á milli mismunandi svarmöguleika. Í kennslukönnun með opnum spurningum komu miklu betri svör og ábendingar til baka en í könnun með valmöguleikum sem nýtist kennurum betur til að bæta sig í starfi.

NIÐURSTÖÐUR

Matsteymið vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur bárust þau beint til kennara auk þess sem stjórnendur fengu aðgang að þessum gögnum.

TILLÖGUR UM UMBÆTUR

Almennt var mikill meirihluti nemenda ánægður með kennara og kennslu. Ábendingar um umbætur eru mjög einstaklingsbundnar og hver kennari þarf að vinna úr þeim.

4.5 STOFNUN ÁRSINS

VIÐMIÐ / VÆNTINGAR UM NIÐURSTÖÐU

Könnunin Stofnun ársins metur starfsanda og starfsumhverfi stofnana, og nota má niðurstöður könnunarinnar til að skoða hvernig þessir þættir stofnunarinnar eru metnir í samanburði við aðrar stofnanir.

AÐFERÐ VIÐ GAGNAÖFLUN

Starfsmönnum sem voru í a.m.k. 50% starfi við MÍ, og höfðu starfað við skólann í fjóra mánuði eða lengur þegar könnunin var lögð fyrir, var boðið að taka þátt í könnuninni. Starfsmennirnir fengu tölvupóst frá Gallup með slóð til á könnunina.

NIÐURSTÖÐUR

Svarhlutfall starfsmanna MÍ var 83% (var 62% árið 2018).

MÍ var í 19. sæti (22. sæti árið 2018) af þeim 44 stofnunum sem skilgreindar eru sem meðalstórar stofnanir (stofnanir með 20 til 49 starfsmenn).¹

Tafla 2 hér fyrir neðan sýnir þá þætti sem metnir eru í Stofnun ársins. Að baki hverjum þætti liggja nokkur atriði sem metin eru á 5-punkta kvarða. Hver stofnun fær einkunn fyrir hvern þátt, en einkunnin er meðaltal svaratriða sem mynda þáttinn. Einkunnin er á bilinu 1-5.²

Þáttur	Einkunn MÍ (breyting frá 2017)	Framhalds- og háskólar	Allar stofnanir
Stjórnun	4,21 (+0,13)	4,10	4,10
Starfsandi	4,28 (+0,15)	4,27	4,25
Launakjör	3,47 (+0,35)	3,24	3,11
Vinnuskilyrði	4,00 (-0,05)	3,96	3,90
Sveigjanleiki vinnu	4,10 (-0,02)	4,02	4,25
Sjálfstæði í starfi	4,28 (+0,00)	4,40	4,26
Ímynd stofnunar	4,10 (+0,18)	4,14	3,82
Ánægja og stolt	4,34 (-0,02)	4,35	4,21
Jafnrétti	4,39 (+0,26)	4,40	4,29
Heildareinkunn	4,15 (+0,12)	4,12	4,04

Tafla 2: Meðaleinkunn MÍ á þeim þáttum sem metnir eru í Stofnun ársins í samanburði við meðaleinkunn annarra stofnana.

¹ Yfirlit má finna á <https://sfr.is/sameyki/radaltoflur-2019/>; og skýrslan *Stofnun ársins 2019*, bls. 20, <https://sfr.is/library/Kjarasvid/Kannanir/Stofnun-arsins/Stofnun-arsins-2019/Stofnun%20Ársins-2019-netid.pdf>

² Stofnun ársins 2019 – Ítarleg greining (Sbr. við stofnanaflokka), Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 4

Fimm hæstu einkunnir stofnunar³:

- Á mínum vinnustað eru bæði konur og karlar í ábyrgðarstöðum = 4,66 (+0,37⁴)
- Þegar á heildina er litið hef ég mikil áhrif á hvernig starf mitt er unnið = 4,55 (+0,21)
- Á mínum vinnustað finnst mér karlar og konur fá sömu tækifæri til starfsframa = 4,55 (+0,10)
- Á mínum vinnustað njóta allir jafnræðis óháð t.d. aldri, uppruna, kynhneigð, eða trúar- og lífsskoðun. = 4,52 (+0,02)
- Mér kemur vel saman við starfsfólk mitt = 4,48 (-0,12)

Fimm lægstu einkunnir stofnunar:

- Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum? = 3,00 (-0,09)
- Ánægja með loftgæði = 3,24 (-0,41)
- Ánægja með launakjör = 3,69 (+0,34)
- Laun starfsfólks stofnunarinnar eru ákveðin af sanngirni = 3,73 (+0,16)
- Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar. = 3,77 (-0,32)

Áberandi er að ánægja með loftgæði skólans skorar núna lágt fjórða árið í röð. Loftræstingarkerfið skólans hefur verið bilað í nokkurn tíma og þarf loksins að laga eða endurnýja.

TILLÖGUR UM UMBÆTUR

Þrjár af fimm lægstu einkunnum stofnunar snúast um launakjör; fjárhagsstaða MÍ er erfið í augnabliki, en einhverjum starfsmönnum finnst að laun starfsfólks stofnunarinnar eru ekki ákveðin af sanngirni. Skólastjórnin ætti að skoða þetta nánar.

Loftræstingarkerfið í MÍ þarf að endurnýja.

³ Stofnun ársins 2019 – Ítarleg greining (Sbr. við stofnanaflokka), Menntaskólinn á Ísafirði; bls. 5

⁴ Tölur í svíga sýna mun á meðaltali stofnunar og meðaltali stofnana í sama stærðarflokki (stofnanir með 20-49 starfsmenn); t.d. „+0,37“ í svigum þýðir að meðaltal stofnana í sama stærðarflokki er 4,29 svo að MÍ liggur 0,37 prósentustigum hærra.


5. TÖLULEG GÖGN

5.1 EINKUNNADREIFING HAUSTÖNN 2018 OG VORÖNN 2019


Í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2013-2014 er að finna samanburð á einkunnadreifingu, sundurliðað efir önnum, sem nær frá vorönn 2008 til vorannar 2014. Niðurstöður sýndu að full ástæða væri til að halda áfram að skoða niðurstöður úr áföngum með tilliti til breyttra kennsluhátta (leiðsagnarmats). Á myndunum 3 - 5 má sjá einkunnadreifingu lokamats haustannar 2017 og vorannar 2018.



Mynd 3: Einkunnadreifing haustið 2018



Mynd 4: Einkunnadreifing vorið 2019



Mynd 5: Einkunnadreifing haustið 2018 og vorið 2019.

Einkunnadreifingin haustannar 2018 og vorannar 2019 líkist hefðbundinni hliðraðri normalkúrfu. Dreifingin á haustönn 2018 og vorönn 2019 er nokkuð áþekkt fyrir utan hvað munar miklu eftir önnum á einkunninni 9. Mun hærra hlutfall nemenda fékk einkunnina 9 á vorönn 2019 en haustönn 2018. Flest aðrar einkunnir eru annars lægri á haustönninni en vorönninni. Verðugt verkefni væri að skoða frekar einkunnadreifingu innan skólans í ljósi breyttra kennsluhátta í formi leiðsagnarnáms.

5.2 BROTTFALL HAUSTÖNN 2018 OG VORÖNN 2019

Stefna skólans undanfarin ár hefur verið að minnka brottfall og er viðmiðið að það haldist undir 5%. Brottfallið haustið 2018 var 7,3% og 10,9% vorið 2018. Ljóst er að ekki tókst á skólaárinu 2018-2019 að vera undir þeim viðmiðum um brottvarf sem stefnt var að.

Undanfarin 3 ár (2016-2019) hefur brottfall við skólann verið með eftirfarandi hætti og á aðeins tveimur önnum af sex hefur brottfallsprósentan verið undir þeim 5% viðmiðunarmörkum sem stefnt hefur verið að þegar kemur að brottvarfi. Í töflu 3 má sjá tölur um brottfall í MÍ s.l. 3 ár og á mynd má sjá brottfallspróunina:


Önn	Fjöldi nemenda	Brotthvarf
Haustönn 2016	264	8,4%
Vorönn 2017	216	5,2%
Haustönn 2017	398	3,1%
Vorönn 2018	384	8,7%
Haustönn 2018	417	7,3%
Vorönn 2019	409	10,9%

Tafla 3: Brottfall í MÍ á árunum 2016-2019.



Mynd 6: Brottfall í Mí á árunum 2016-2019.

Á s.l. 3 árum hefur nemendum við skólann fjölgað mjög mikið auk þess sem nemendasamsetning skólans hefur breyst. Bæði hefur fjarnemum farið fjölgandi sem og nemendum í dreifnámi (lotubundnu fjarnámi) sem mögulega hefur áhrif á brottfall, sjá mynd 7. Um það verður þó ekki ályktað frekar nema gera á því sérstaka úttekt.



Mynd 7: Nemendafjöldi og brottvarf í Mí 2016-2019.

Á skólaárinu 2018-2019 var unnið að því að gefa út ýmis gæðaskjöl sem tengjast innra mati Menntaskólans á Ísafirði. Vinna matsteymis um innra mat var unnin í fyrsta skipti samkvæmt því vinnulagi sem þar var sett fram. Sett hefur verið fram áætlun um innra mat til næstu fjögurra ára.

Skýrsla þessi sem hér er lögð fram verður lögð til grundvallar í rýni stjórnenda, ásamt ýmsum gögnum sem gæðaráð undir forystu gæðastjóra leggur fram. Með þeim formlega vettvangi skapast að mati matsteymis góður vettvangur til að huga að þeim umbótum sem lagðar eru fram sem tillögur í skýrslu þessari.

Tillögur að umbótum	Rökstuðningur (t.d. vísun í niðurstöður viðkomandi matsverkefnis)
Aðgerðir gegn notkun rafsígarettar.	Skv. foreldrakönnun nota tæp 10% nemenda rafsígarettur.
Fá fleiri til að borða daglega í mötuneyti.	Hlutfall nemenda sem borða í mötuneytinu daglega mætti hækka.
Hugað verði að líðan nemenda.	Nemendur í rýnihópum hafa sumir áhyggjur af líðan samnemenda.
Moodle hjá öllum kennurum verði vel skipulagt.	Skv. rýnihópaviðtölum er Moodle hjá sumum kennurum ekki nógu skipulagt.
Betri loftgæði.	4. árið í röð koma loftgæði í Stofnun ársins illa út.
Lækka þarf brottfall.	Brottfall skólaárið 2018-2019 var umfram þau 5% viðmiðunarmörk sem skólinn hefur sett sér.
Hugað verði að heildrænni vinnu með umbótaáætlun, gæðakerfi og stefnuskjal ríkisstofnana.	Mikilvægt að öll þessi vinna sé unnin heildrænt.

- Gæðahandbók MÍ.* (2019). Sótt þann 17. september 2019 af <https://quality.ccg.cloud/dashboard-for-clients?organizationID=wFpXGsGXaWxDmzfPB>
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.* Sótt 3. júlí 2018 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti.* Reykjavík: Höfundur. Sótt 3. júlí 2018 af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnamskra_frsk_2_utg_breyt_2015.pdf
- SFR – stéttarfélag í almannajónustu. (2017). *Töflur með einkunnum stofnanna.* Sótt 3. júlí 2019 af [https://sfr.is/sameyki/radaltoflur-2019/;](https://sfr.is/sameyki/radaltoflur-2019/)
- SFR – stéttarfélag í almannajónustu. (2019). *Töflur með einkunnum stofnanna.* Sótt 3. júní 2019 <https://sfr.is/library/Kjarasvid/Kannanir/Stofnun-arsins/Stofnun-arsins-2019/Stofnun%20Arsins-2019-netid.pdf>
- Stefnuskjal ríkisaðila (stefnumiðuð áætlun) til þriggja ára nr. 123/2015.